



Skipulagsstofnun

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Garðabær, 13.1.2025

Málsnúmer: 202412-0012

IAS

**Efni: Vatnsdalsvegur (722-01) í Húnabygg. Hringvegur-Undirfellsrétt, nr. 1474/2024.
Matskyldufyrirspurn.**

Vísað er í erindi í gegnum skipulagsgátt, dags. 6. desember 2024, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna Vatnsdalsvegar.

Vegagerðin hyggst endurbyggja Vatnsdalsveg (722) á 14,9 km löngum kafla í Vatnsdal í sveitarfélaginu Húnabyggð. Vegurinn er hluti af grunnkerfi samgangna en núverandi vegur er með malaryfirborði og uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Endurbyggingin er innan byggðarinnar í Vatnsdal á kaflanum frá Hringvegi (1) að Undirfellsrétt og fylgir að mestu núverandi vegi en á tveimur stöðum, við Hnjúk og Helgafell, er vikið lítillega frá núverandi vegi til að bæta öryggi vegarins. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur um Vatnsdal. Framkvæmdin er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að auka umferðaröryggi og að leggja vegi bundnu slitlagi. Efnistaka er fyrirhuguð úr skeringum meðfram vegi og þremur námum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér kynningarskýrslu Vegagerðarinnar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Verndarsvæði.

Fram kemur að framkvæmdasvæðið er á og við fjögur verndarsvæði:

- Kattarauga er friðlýst sem náttúruvætti en það er í um 23 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og um 14 m frá útskoti á veginum þar sem er bílastæði fyrir þrjá fólksbíla.
- Hóp-Vatnsdalur er mikilvægt fuglasvæði og alþjóðlega mikilvægt fyrir álf og helsingja. Vatnsdalsvegur liggur um svæðið á um 3 km kafla.
- Þá liggur vegurinn á tæplega 3 km löngum kafla innan svæðis 407 á náttúruminjaskrá, Vatnsdalshólar og um 1 km af þessum 3 km er líka innan svæðis 408 á náttúruminjaskrá, Eylendið, Flóðið og Húnavatn.

Ólíklegt er að framkvæmdirnar hafi áhrif á Kattarauga en Vatnsdalshólar verða fyrir raski vegna skeringa á tveimur stöðum og á einum stað verður efni tekið úr litlum hól sem þegar hefur verið raskað. Þetta er meðal annars gert til að minnka snjósöfnum á þessum stöðum og ætti ekki að hafa veruleg áhrif á



verndargildi Vatnsdalshóla. Þá verður rask á votlendi, m.a. þar sem núverandi vegur liggur úti í Flóðinu á um 200 m kafla og þar sem votlendi hefur þegar verið raska vegna núverandi vegar. Á þessum stöðum verða vegfláar hafðir eins brattir og hægt er til að lágmarka raskið og votlendi endurheimt í stað þess sem raskast í samráði við landeigendur og Land og skóg.

Námur.

Mest umhverfisáhrif verða vegna fyrirhugaðrar efnistöku en auk efnis sem fæst úr skeringum verður efni tekið úr þremur námum, samtals 187.000 m³. Mest verður unnið úr Hnjúksnámu (um 70.000 m³) sem er skráð sem setnáma en einnig er fyrirhugað að þar verði numið efni úr fastri klöpp og verður náman stækkað mikið og mun ná yfir svæði þar sem nú eru ræktuð tún. Fornskeljar hafa fundist í sandlagi norðarlega í námunni en ekki er fyrirhugað að taka meira efni þar sem skeljarnar fundust. Náman er sýnileg frá vegi og verða ásýndaráhrif mikil meðan á efnistöku stendur. Þá er fyrirhugað að taka 40.000 m³ úr setnámu við Brekkukot og 40.000 m³ úr Nautabúsnámu. Nautabúsnáma er ekki á aðalskipulagi en þar hefur eitthvað efni verið tekið áður. Náman er nálægt veginum og verður hún mjög áberandi og ef efni verður tekið þarna er mikilvægt að gengið verði frá námunni strax að efnistöku lokinni. Brekkukotsnáma er austan við hringveginn á milli Axlar og Brekkukots. Gengið hafði verið frá námunni en hún verður stækkuð til norðausturs og austurs auk þess sem hún verður dýpkuð.

Gróður og dýralíf.

Vegurinn fylgir núverandi vegi og því munu áhrif á gróður verða lítil við veginn en nokkur vegna náma en þá helst á tún og akurlendi. Gripið verður til aðgerða til að koma í veg fyrir að rask stuðli að útbreiðslu framandi ágengra tegunda. Ekki er talið að framkvæmdirnar hafi mikil áhrif á gróður og dýralíf. Þá er ekki talið að þær hafi mikil áhrif á vatnshlot og ekki er hætta á að umhverfismarkmið þeirra náist ekki vegna framkvæmdanna.

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur